

Tillaga að auglýsingu

um verndarsvæði á Suðurlandi - vatnasvið Hólmsár: 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa vatnasvið Hólmsár: 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun, í Skaftárhreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 16.757 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið Hólmsár: 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun gegn orkuvinnslu.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.¹

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir

Orkuvinnsla innan marka verndarsvæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra

¹ Hnitaskrá er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is,